

Nr. 18-071 S 047 Hringur GK 18**Árekstur við hval og skemmdir**

Skipaskr.nr. 2728
Smíðaður: Seigur 2006, trefjaplast.
Útgerð: Einar í Bjarnabæ ehf
Stærð: 11,30 brl. 12,36 bt.
Mesta lengd: 11,13 m Skráð lengd: 11,11 m
Breidd: 3,23 m Dýpt: 1,38 m
Vél: Volvo Penta, 361,60 kw, 2006.
Fjöldi skipverja: 2



Hringur©Arnbjörn Eiríksson

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 8. apríl 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 10. maí 2018 var Hringur GK 18 á handfæraveiðum út af Höfnum á Reykjanesi. Veður: SV 3-4 m/sek.

Skipverjar voru að kippa á veiðunum og sigldu á milli tveggja báta þegar mikið högg kom aftan á bátinn, hann lyftist upp og vélin drap á sér. Skipverjar sáu hvalsporð við síðu bátsins og blóðfleck í sjónum. Eftir að vélin fór í gang kom titringur í bátinn en það náðist að sigla á hægri ferð til hafnar.

Við rannsókn kom fram:

- að talsverðar skemmdir urðu á bátnum, m.a. eyðilagðist skrúfan, flapsar og hlífðargrind beygluðust, sprungur komu undir vélina og botnstykkið rifnaði frá. Fram kom hjá skipstjóra að það hefði verið mikið lán að boltarnir sem héldu botnstykkinu náðu ekki að rífa sig í gegn.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.